

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs
Dags. 21. október 2022
Mnr. 2022100090



ÍSAFJARÐARBÆR

Aðgerðaáætlun menningarstefnu Ísafjarðarbæjar

Menningarstefna Ísafjarðarbæjar 2022-2032 var samþykkt á 493. fundi bæjarstjórnar þann 7. apríl 2022. Með tillögu menningarmálanefndar um samþykkt stefnunnar var einlæg ósk þess að aðgerðaáætlun yrði samþykkt og myndi fylgja stefnunni.

Vinnu við aðgerðaáætlun hófst haustið 2022, en verkefnastjóri Vestfjarðastofu Skúli Gautason, stýri þeirri vinnu, eins og vinnu við stefnuna.

Í aðgerðaáætluninni er lagt til að gert verði ráð fyrir fjármunum vegna aðgerða á fjárhags- og framkvæmdaáætlun 2023-2028, en nánari fjárhæð og skilgreining verkefna kemur fram í aðgerðaáætluninni sjálfri.

Með minnisblaði þessu liggja frammi til samþykktar drög að aðgerðaáætlun til fyllingar menningarstefnu Ísafjarðarbæjar sem samþykkt var í bæjarstjórn vorið 2022.